



Sýslumannafélag Íslands

Vatnsnesvegí 33, 230 Keflavík, thorolfur@syslumenn.is s. 420 2428

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 141/176
komudagur 22.10.2012

nefndasvid@althingi.is

Reykjanesbæ, 22. október 2012

Umsögn Sýslumannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál.

Taka má undir með tillöguflytjendum að opinberar stöðuveitingar eru vandmeðfarnar og geta vakið deilur og valdið kærur, þó slíkt heyri sem betur fer til undantekninga.

Í apríl síðastliðnum skilaði starfshópur fjármálaráðherra undir stjórn Gunnars Björnssonar skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, ítarlegum tillögum sínum um starfsumhverfi forstöðumanna, sem finna má á vef fjármálaráðuneytisins sem rit 2012-15. Þar er m.a. að finna greiningu og útlistun á stjórnunar- og hæfnisþáttum sem leggja ber til grundvallar við ráðningu og mat á forstöðumönnum. Einnig eru settar fram margháttáðar tillögur að úrbótum og að sett verði heildstæð stjórnendastefna, þar sem miðlægri einingu verði falin ábyrgð á fyrirkomulagi ráðningarmála, launaákvarðana, frammistöðumats og starfsþróunar, hreyfanleika og starfslokum forstöðumanna, út frá fyrirfram skilgreindum viðmiðum og verklagi.

Ekki verður betur séð en að vinna starfshópsins og tillögur taki með greinargóðum hætti á þeim álitaefnum sem tillaga sú til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar ætlar sérstakri þingskipaðri nefnd að fjalla um komandi vetur.

Að mati stjórnar Sýslumannafélags Íslands getur Alþingi sparað sér skipun sérstakrar nefndar hér að lútandi en þess í stað hagnýtt sér þá vinnu og tillögur starfshóps fjármálaráðherra sem að framan greinir.

f.h. Sýslumannafélags Íslands

Þórólfur Halldórsson formaður